

**KARFI:**

8x7 m/r .....	87.35
10x5 m/r .....	118.29
10x5 r/l .....	121.54
12x1 .....	124.79
1x25 .....	118.77
4x12 .....	136.58
Lausfrystur 4x12/1x30 .....	121.47
Blokk .....	130.22

**UFSI:**

8x7 r/l .....	72.52
4x6 kg .....	74.20
10x5 .....	108.20
4x12 .....	108.20
Blokk .....	83.84
Blokk 24½ .....	83.84

**LANGA:**

8x7 r/l .....	88.72
10x5 .....	139.60
Blokk .....	97.36

**GRÁLÚÐA:**

6x10 .....	99.13
4x15 .....	99.13
Heilfryst .....	76.99
Blokk .....	85.54
Heilfr. fiskur .....	40.50

Verðbil verður 3% miðað við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 16. mars 1976.*

F. h. r.

**Pórður Ásgeirsson.**

*Gylfi Þórðarson.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 27 20. mars 1963 um sauðfjárbaðanir.**

1. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Nú baðar umráðamaður eða fjáreigandi eigi sauðfé sitt á lögskildum tíma, án þess að lögmet forföll hamli að dómi eftirlitsmanns og sýslumanns eða bæjar-

fógeta. Skál hann þá greiða dagsektir, er nemi kr. 20.00 — tuttugu krónum — á hverja kind á dag hvern, er böðun dregst fram yfir lögskilinn tíma, þ. e. 1. mars. Dagsektir skulu renna í sveitarsjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið og skal sýslumaður annast innheimtu sektarinnar. Jafnframt skal sýslumaður í samráði við eftirlitsmann með sauðfjárböðunum gera ráðstafanir til að féð sé baðað á kostnað eiganda eða umráðamanns eins fljótt og aðstæður leyfa.

Við framkvæmd verksins eru sýslumanni eða starfsmanni hans heimil frjáls afnot af fjárhúsum fjáreiganda eða umráðamanns, réttum hans, girðingum, baðþró, vatni og annarri aðstöðu eða útbúnaði sem nauðsynlegur er til þess að böðun fjárins geti farið sem best úr hendi.

## 2. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða sektum frá 10 000—100 000 kr., sem renna í sveitarsjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið. Skál fara með þau mál að hætti opinberra mála.

## 3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 23 27. apríl 1959, um sauðfjárbaðanir og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 16. mars 1976.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Sveinbjörn Dagfinnsson.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 17 19. janúar 1976 um breyting á reglugerð nr. 299 15. júlí 1975, um fiskveiðilandhelgi Íslands.

### 1. gr.

3. tl. 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fyrir Suðausturlandi allt árið á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- a) 64°05'5 n.br., 13°46'0 v.lgd.
- b) 63°49'5 n.br., 13°39'0 v.lgd.
- c) 63°45'0 n.br., 14°00'0 v.lgd.
- d) 64°01'0 n.br., 14°07'0 v.lgd.

### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins sbr. lög nr. 45 13. maí 1974, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 17. mars 1976.*

**Matthías Bjarnason.**

*Þórður Ásgeirsson.*